



Rafmagnstengingar


Ísmolavélar skal helst tengja í kló, sem næst vélinni. Ef nauðsynlegt er að fasttengja vél, þá er rétt að hafa straumrofa við vélina, og sérstök rafvör fyrir hana í töflu.



OK

Allar ísmolavélar þarf að jarðtengja.

ÍSMOLAVÉLAR



- 1 Straumur
- 2 Rofi
- 3 Affall vatnskælingar
- 4 Vatnssía
- 5 Öryggisloki
- 6 Vatnsinntak
- 7 Vatnsinntak vatnskælingar
- 8 Opið niðurfall
- 9 Ísmolavél

Uppsetning

Kælitækni


RAUÐAGERÐI 25 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 568 4580 - FAX: 568 4585




Staðsetning

Ísmolavélar verða að vera fríar frá veggjum, að minnsta kosti 15 sm hvern veg.

Þetta er sérstaklega mikilvægt ef um loftkældar vélar er að ræða




Ísmolavélar verða að standa rétt. Notaðu þarf hallamál og stilla fætur ef með þarf.




Umhverfishiti má ekki fara yfir 40°C, og ekki undir 10°C.

Ísmolavélar þarf að staðsetja rétt, á hreinum og þrífalegum stað, og alls ekki þar sem rykmyndun er mikil.




Vatnstengingar


Ísmolavélar skulu tengdar með löglegum slöngum, og krani eða stopploki þarf að vera á vatnslögn í seilingarfjarlægð frá vélinni.



Vatn sem notað er til framleiðslu ísmola er rétt að leiða gegnum síu, sem er staðsett við vél.



Mesti hiti á vatni að ísmolavél má vera 40°C, og minnsti hiti 5°C. Vatnsþrýstingurinn má ekki fara yfir 5 kg/sm² og ekki undir 1 kg/sm²



Frárennsli þarf að vera frjálst og fallhæð frá vélinni sem mest. Gætið vel að því að ekki séu brot í slöngum.